

**41. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fundarherbergi 1. hæð,
Stillholti 16-18,
22. ágúst 2016 og hófst hann kl. 16:15**

Fundinn sátu:

Einar Brandsson formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Valgarður L. Jónsson aðalmaður, Kristín Sigurgeirsdóttir áheyrnarfulltrúi, Karitas Jónsdóttir varaáheyrnarfulltrúi, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs og Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Stefán Þór Steindórsson, Byggingarfulltrúi.

Fyrir tekið:

1. 1310152 - Umferðaröryggisáætlun - starfshópur

Fyrir liggur jákvæð umsögn Umferðarstofu um umferðaröryggisáætlunina. Tekið verði tillit til ábendinga Umferðarstofu. Í framhaldi af því verði áætluninni vísað til bæjarstjórnar. Í fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun verði stuðst við áhersluatrið sem fram koma í umferðaröryggisáætluninni.

2. 1607033 - Vesturgata - yfirlögn á götu

Ljóst er að endurskoða þarf fjárfestingar- og framkvæmdaráætlun 2016 vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar við endurnýjun slitlags við Vesturgötum.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir samninginn fyrir sitt leyti en leggur til að samningur verði lagður fyrir bæjarráð.

3. 1512116 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2016

Farið yfir stöðu mála.

4. 1509147 - Snjómokstur og hálkueyðing - útboð 2016

Lögð fram drög að útboðsgögnum um snjómokstur fyrir tímabilið 2016 til 2019.

5. 1601378 - Jaðarsbakkar / Guðlaug - útboð

Sviðsstjóra falið að halda áfram með málið í samræmi við umræður á fundinum.

ED

6. 1608126 - Deilisk. Grenjar Hafnarsvæði H3 - Krókatún 22-24

Einar Brandsson vék af fundi undir þessum lið.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að tillaga að breytingu á deiliskipulagi verði kynnt í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga.

7. 1509146 - Deilisk. Breiðarsvæði - Breiðargata 8, 8A og 8B

Sviðsstjóri fór yfir stöðu málsins.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:15.

*Einar Brandsson
Rakel Ómarsdóttir
Valgerður S. J.
Kirstin Þórunn Sigurðardóttir
Sig. P. H.
Karitas Jónsdóttir
Steðan J. Skarð*